



HRUNAMANNAHREPPUR

14. FUNDUR HREPPSNEFNDAR
KJÖRTÍMABILIÐ 2010 – 2014 6. FUNDUR ÁRSINS
VAR HALDINN MIÐVIKUDAGINN 8. JÚNÍ 2011
KL. 16.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2011, þann 8. júní kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 16.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Logi Eggertsson, Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon oddviti setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að taka fyrir 3 mál, kjör oddvita og varaoddvita, beiðni um undanþágu vegna fjölda starfsmanna á vakt við sundlaug, umsögn um reglugerð um framkvæmdaleyfi. Hreppsnefnd samþykkir að leggja þessi erindi fram.

Erindi til hreppsnefndar:

1. Breytingar á samþykktum sveitarfélagsins.
–seinni umræða-
2. Gatnagerð í Sneiðinni á Flúðum.
3. Skólahreysti. Fjárhagsstuðningur.
4. Forstöðumaður Félagsmiðstöðvar.
5. Laufskálar. Erindi.
6. Myndlistarskóli Uppsveita. Umsókn um styrk.
7. Sigurbjört Þórðardóttur. Erindi.
8. Nefndarsvið Alþingis: Umsögn um frumvarp til laga um barnalög.
9. Samband íslenskra sveitarfélaga: Umsögn um frumvarp til laga um sveitarstjórnarlög.
10. Sýslumaðurinn á Selfossi. Umsögn vegna reksturs veitingastaðar.
11. Landbúnaðarnefnd.
12. Landgræðslufélagið.
13. Skipan í undirbúningsnefnd vegna sundlaugar.
14. Hámarkshraði í íbúðargötum í þéttbýlinu á Flúðum.
15. Gatnamót við verslunina Strax.
16. Bekkir við göngustíga á Flúðum.
17. Sala á íbúðum sveitarfélagsins.
18. Næsti fundur sveitarstjórnar.
19. Lokun skrifstofu Hrunamannahrepps vegna sumarfría.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

20. Fræðslunefnd: Fundargerð 7. fundar vegna Undralands frá 25.maí s.l.
21. Fræðslunefnd: Fundargerð 4. fundar vegna æskulýðsmála frá 25.maí s.l.
22. Fræðslunefnd: Fundargerð 9. fundar vegna Flúðaskóla frá 25.maí s.l.
23. Veitustjórn: Fundargerð 11. fundar frá 30. maí s.l.
24. Ferða- og menningarnefnd. 6.fundur frá maí s.l.
25. Ferða- og menningarnefnd. 7. fundur frá maí s.l.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

26. 35. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 26. maí s.l. og 63. afgreiðslufundur byggingarfulltrúa frá 18. maí s.l. og 64. afgreiðslufundur frá 28. apríl s.l.
27. Ípróttta og æskulýðsmál: Minnisþing frá fundi í Árnosi 23. maí sl.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. SASS: Fundargerð 443. stjórnarfundar frá 20. maí sl.
- b. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 203. stjórnarfundar frá 10.maí s.l.
- c. Sorpstöð Suðurlands: Upplýsinga og samráðsfundur frá 10. maí s.l.
- d. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 133. stjórnarfundar frá 29. apríl s.l.

Kynningarmál:

- e. Uxahryggir: Hlutafjárukning

- f. Mennta og menningarmálaráðuneytið. Samkomulag um eflingu tónlistarnáms.
- g. Vegagerðin: Svar við ósk um reiðveg meðfram Tungufellsvegi.
- h. Fjölbrotarskóli Suðurlands: Próf í einstökum áföngum við FSU.
- i. Umhverfisstofnun: Eftirlit með leiksvæðum.
- j. Innanríkisráðuneytið: Tilkynning um endanlegt framlag.
- k. Varasjóður húsnæðismála: Úthlutun framlaga vegna sölu félagslegs íbúðahúsanæðis.
- l. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 787. stjórnarfundar frá 27. maí sl.
- m. Markaðsstofa Suðurlands: Framvinduskýrsla.
- n. Samband íslenskra sveitarfélaga: Öryggi á sundstöðum.
- o. Umhverfissráðuneytið: Ný byggingarreglugerð.

Fundir framundan:

- p. Ungmennafélag Íslands: Ráðstefnan „Ungt fólk og lýðræði“

Skýrsla á skrifstofu:

- q. Íþróttta og Ólympíusamband Íslands: Ársskýrsla 2010 og tölfræði 2009.
- r. Háskóli Íslands: Samfella í námi milli grunn- og framhaldsskóla.

Gengið til dagskrár:

Erindi til hreppsnefndar:

1. **Breytingar á samþykktum sveitarfélags. Seinni umræða:**
 Oddviti lagði fram breytingar á samþykktum sveitarfélagsins til seinni umræðu: Breytingarnar eru þær að 2. tl. 1. mgr. 51 gr. samþykta Hrunamannahrepps um félagmálnefnd Uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps verður eftirfarandi:
Sameiginleg félagsþjónusta sjö sveitarfélaga í Árnassýslu. Hreppsnefnd kys einn fulltrúa til setu í yfirstjórn sameiginlegrar félagsþjónustu sjö sveitarfélaga í Árnassýslu, samkvæmt samningi þar að lútandi. Sá sem kjörinn er í yfirstjórn hefur umboð til þess að skipa fulltrúa í eina sameiginlega velferðarnefnd á starfssvæði félagsþjónustu sveitarfélaganna í samræmi við ákvæði samstarfssamnings og á grundvelli 2. mgr. 7. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga. Fulltrúar í sameiginlegri velferðarnefnd eru fimm auk jafnmargra varamanna og koma þrír af starfssvæði Sveitarfélagsins Ölfuss og Hveragerðisbæjar og tveir af starfssvæði sveitarfélaga í Uppsveitum Árnassýslu og Flóahrepps. Fulltrúi hreppsnefndar í sjö manna yfirstjórn hefur einnig umboð til þess að taka þátt í skipan formanns og varaformanns sameiginlegrar velferðarnefndar. Yfirstjórn útbýr einnig erindisbréf sameiginlegrar fimm manna velferðarnefndar og leggur það fyrir hreppsnefnd til staðfestingar af hennar hálfu.
 Þá breytist 4. tl. 1. mgr. 51. samþykta Hrunamannahrepps um jafnréttisnefnd og verður þannig:
Jafnréttisnefnd. Sameiginleg velferðarnefnd, skv. 2. tl. 1. mgr. 51. gr., fer með verkefni jafnréttisnefndar skv. 10. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000.
 Hreppsnefnd samþykkir ofangreindar breytingar á samþykktum sveitarfélagsins.
2. **Gatnagerð í Sneiðinni á Flúðum.**
 Oddviti kynnti áætlaðan kostnað vegna lagningar bundins slitlags á Sneiðina á Flúðum og yfirlit um álagningu gatnagerðargjalda. Hreppsnefnd samþykkir að fara í framkvæmdina og að húsnæði sem skráð er við Smiðjustíg en liggur að Sneiðinni greiði núna 1/3 hluta af B-hluta gatnagerðargjaldanna. Gera verður ráð fyrir þessari framkvæmd í endurskoðaðri fjárhagsáætlun. Á-listinn lýsir ánægju með gatnagerðarframkvæmdir á Flúðum en vill taka fram að það er löngu tímabært að ganga frá og malbika eldri götur en Sneiðina 1-7 eins og t.d. Högnastíg, Ásastíg og Smiðjustíg. Á-listinn óskar eftir að gerð verði áætlun um uppbyggingu og malbikun gatna á Flúðum svo íbúar Flúðahverfis geti verið undir það búnir þegar greiða þarf aukagjöld vegna malbikunar.
3. **Skólahreysti. Fjárhagsstuðningur.**
 Oddviti kynnti beiðni frá Skólahreysti um fjárhagslegan stuðning að fjárhæð kr. 50.000 við skólahreysti 2011. Hreppsnefnd samþykkir beiðnina.
4. **Forstöðumaður félagsmiðstöðvar.**

Oddviti kynnti að forstöðumaður Félagsmiðstöðvarinnar hafi sagt upp störfum frá og með 1. september nk. en hann er á leið í framhaldsnám. Hreppsnefnd samþykkir að láta auglýsa eftir forstöðumanni félagsmiðstöðvar í 50% starf. Jafnframt er Hjalta þökkúð góð störf fyrir sveitarfélagið og uppbyggingu á félagsmiðstöðinni.

5. Laufskálar. Erindi.

Oddviti kynnti erindi frá Laufskálum ehf þar sem óskað er eftir aðstoð sveitarfélagsins vegna vandamála varðandi umgengni nágretta o.fl. Hreppsnefnd telur að um sé að ræða einkaréttarlegt mál sem sveitarfélagið geti ekki haft bein afskipti af en hvetur aðila til að stuðla að góðri umgengni og felur sveitarstjóra að vera í sambandi við aðila.

6. Myndlistarskóli Uppsveita. Umsókn um styrk.

Oddviti kynnti umsókn um 50.000 króna styrk frá Myndlistaskóla Uppsveita vegna vorannar 2011. Hreppsnefnd samþykkir að veita umbeðinn styrk.

7. Sigurbjört Þórðardóttur. Erindi.

Oddviti kynnti bréf frá eigenda sumarbústaðar að Svanabyggð 11, þar sem hún kvartar undan moldroki frá aðliggjandi landi. Hreppsnefnd samþykkir að fela sveitarstjóra að ræða við landeiganda.

8. Nefndarsvið Alþingis: Umsögn um frumvarp til laga um barnalög.

Oddviti kynnti beiðni um umsögn vegna frumvarps til laga um barnalög. Hreppsnefnd samþykkir að vísa málinu til Félagsmálanefndar.

9. Samband íslenskra sveitarfélaga: Umsögn um frumvarp til laga um sveitarstjórnarlög.

Oddviti kynnti umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna frumvarps til laga um sveitarstjórnarlög. Hreppsnefnd tekur undir umsögn sambandsins.

10. Sýslumaðurinn á Selfossi. Umsögn vegna reksturs veitingastaðar.

Oddviti kynnti beiðni frá sýslumanninum á Selfossi um umsögn vegna stofnunar veitingarstaðar í Ferðamiðstöðinni á Flúðum. Hreppsnefnd samþykkir fyrirhugaðan afgreiðslutíma og staðfestir að staðsetning veitingastaðarins sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins kveður á um.

11. Landbúnaðarnefnd.

Fyrir liggur ósk frá Esther Guðjónsdóttur um að láta af embætti formanns landbúnaðarnefndar. Hreppsnefnd samþykkir að Þorsteinn Loftsson verði skipaður formaður landbúnaðarnefndar og Esther Guðjónsdóttir verði varamaður hans.

12. Landgræðslufélagið.

Fyrir liggur ósk frá Esther Guðjónsdóttur um að láta af stöfum sem fulltrúi Hrunamannahrepps í Landgræðslufélagi Hrunamannahrepps. Hreppsnefnd samþykkir að skipa Jóhönnu Ingólfsdóttur sem aðalmann Hrunamannahrepps í Landgræðslufélag Hrunamanna og Halldór Guðnason til vara.

13. Skipan starfshóps vegna sundlaugarmála.

Oddviti kynnti tillögu um skipan í þriggja manna starfshóp vegna sundlaugarmála. Starfshópurinn á að skoða og leggja mat á framtíð sundlaugarmála á Flúðum. Hreppsnefnd samþykkir að skipa í starfshópinn þau Þorleif Jóhannesson formann, Unnstein Eggertsson og Grím Guðmundsson. Sveitarstjóri verður síðan starfshópnum til aðstoðar.

14. Hámarkshraði í íbúðargötum í þéttbýlinu á Flúðum.

Hreppsnefnd samþykkir að hámarkshraði í íbúðargötum í þéttbýlinu á Flúðum verði 30 km/klst. Ástæða breytingarinnar er sú að umferðarhraði er of mikill í íbúðargötum og veldur slyshættu en mikil umferð gangandi og hjólandi fólks er um íbúðargötturnar. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að leita eftir samþykki lögreglustjóra við umræddar breytingar.

15. Gatnamót við verslunina Strax.

Hreppsnefnd samþykkir eftirfarandi ályktun til Vegagerðarinnar: Hreppsnefnd lýsir yfir miklum áhyggjum vegna ástandsins á gatnamótunum við verslunina Strax á Flúðum. Gatnamótin eru og verða mikil slysaáfgærdi við óbreytt ástand og þá sérstaklega með aukinni umferð um nýjan Bræðratunguveg yfir Hvítá. Hreppsnefnd leggur til að sett verði upp hindrun í vegkantinum vestan verslunarinnar og vegarins, svo bílar geti ekki lagt þar, t.d. með hvítmáluðum steinum. Jafnframt verði rætt við forsvarsmenn Samkaupa/Strax um lokun á

bílastæðum efst í brekkunni við innganginn. Þessar aðgerðir eru hugsaðar til bráðabrigða eða þar til varanleg lausn á málinu liggur fyrir.

16. Bekkir við göngustíga á Flúðum.

Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að skoða möguleika á að koma upp föstum göngubekkjum við göngustíga á Flúðum.

17. Sala á íbúðum sveitarfélagsins.

Hreppsnefnd samþykkir að fela sveitarstjóra að setja á sölu 3 íbúðir sem sveitarfélagið á við Ásastíg á Flúðum.

18. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Hreppsnefnd samþykkir að næsti fundur hreppsnefndar verði fimmtudaginn 11. ágúst nk. kl. 14:00 í ráðhúsi Hrunamannahrepps á Flúðum.

19. Lokun skrifstofu Hrunamannahrepps vegna sumarfría.

Hreppsnefnd samþykkir að skrifstofur Hrunamannahrepps verði lokaðar í 3 vikur vegna sumarleyfa frá 4. júlí til og með 22. júlí nk.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

20. Fræðslunefnd: Fundargerð 7. fundar vegna Undralands frá 25. maí s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 7. fundar fræðslunefndar vegna Undralands frá 25. maí s.l. Farið var yfir skýrslu leikskólastjóra, niðurstöðu foreldrakönnunar í ytra mati og önnur mál. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

21. Fræðslunefnd: Fundargerð 4. fundar vegna æskulýðsmála frá 25. maí s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 4. fundar fræðslunefndar vegna æskulýðsmála frá 25. maí s.l. Farið var yfir skýrslu forstöðumanns og tillögu að starfsáætlun 2011-2012, kynning starfsáætlunar og starfsmannamál. Hreppsnefnd samþykkir að fræðslunefnd fullvinni starfsáætlun með nýjum starfsmanni og staðfestir að öðru leyti fundargerðina.

22. Fræðslunefnd: Fundargerð 9. fundar vegna Flúðaskóla frá 25. maí s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 9. fundar fræðslunefndar vegna Flúðaskóla frá 25. maí s.l. Farið var yfir skýrslu skólastjóra, samstarfsverkefni Matis og Flúðaskóla, „hollusta og hagræðing“ og stefnumótunarvinnu við skólafundum. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

23. Veitustjórn: Fundargerð 11. fundar frá 30. maí s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 11. fundar veitustjórnar frá 30. maí sl. Farið var yfir kauptilboð í Hitaveitu Grafarhverfis, umsókn um kalt vatn í Holtabyggð lóð 110 og önnur mál. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

24. Ferða- og menningarnefnd. 6. fundur frá maí s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 6. fundar ferða- og menningarnefndar frá 2. maí sl. Farið var yfir atburði sumarið og haustið 2011 og önnur mál. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

25. Ferða- og menningarnefnd. 7. fundur frá maí s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 7. fundar ferða- og menningarnefndar frá 9. maí sl. Farið var yfir atburði sumarið og haustið 2011 með hagsmunadílum. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:

26. 35. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 26. maí s.l. og 63. afgreiðslufundur byggingarfulltrúa frá 28. apríl s.l. og 64. afgreiðslufundur frá 18. maí s.l.

Oddviti lagði fram fundargerð 35. fundar skipulags- og byggingarnefndar frá 26. maí 2011 en þar var farið yfir fimm mál fyrir Hrunamannahrepp og 3 sameiginleg. Farið var yfir mál nr. 1, þar sem frestað er afgreiðslu stækkunar á sumarhúsi/gestahúsi í Miðfelli. Mál nr. 2, samþykkt er stöðuleyfi fyrir hjólhýsi að Hveramyri 5. Mál nr. 8, farið yfir fundargerðir afgreiðslu byggingarfulltrúa 2011, fundargerð 63. afgreiðslufundar frá 28. apr. Þar var tekið fyrir eitt mál sem tengdist Hrunamannahrepp, þar sem samþykkt var byggingarleyfi fyrir garðgróðurhús við Ljónastíg og 64. afgreiðslufund frá 18. maí þar sem tekið var fyrir eitt mál sem tengdist Hrunamannahrepp, þar sem samþykkt var með fyrirvara um aths. eldvarnaeftirlits, breyting og stækkun á húsinu Breiðagerði í Kerlingarfjöllum. Mál nr. 9, samþykktir um skipulags og byggingarnefnd þar sem var samþykkt að vísa málinu til staðfestingar sveitarstjórnar. Mál nr. 13, framkvæmdir í Kerlingarfjöllum. Mál nr. 14, samþykkt erindi um byggingu

bílskúrs við Nátthaga, með fyrirvara um grenndarkynningu. Mál nr. 15 lögð fram umsögn Vegagerðarinnar um deiliskipulag spildu úr landi Grafar. Mál nr. 31, þar sem skipulagsstjóra var falið að útfæra framkvæmd tilraunaverkefnið varðandi stofnun þjóðlenda og skráningu mannvirkja innan þeirra. Hreppsnefnd samþykkir ofangreind mál, staðfestir nýjar samþykktir um sameiginlega byggingar- og skipulagsnefnd og fundargerðina að öðru leyti.

27. Íþrótt- og æskulýðsmál: Minnisþingar frá fundi í Árnosi 23. maí sl. Oddviti kynnti minnisþinga frá fundi vinnuhóps sveitarfélaganna í uppsveitum Árnessýslu vegna samvinnu í íþrótt- og æskulýðsmálum þann 23. maí sl. Eftirfarandi tillaga kom frá vinnuhópnum:

„Lagt er til að skoðað verði með frekari samvinnu og uppbyggingu á félagsmiðstöðvum í Uppsveitum Árnessýslu áður en næstu skref verði skoðuð með sameiginlegan íþrótt- og æskulýðsfulltrúa. Rökin eru aðallega þau að í félagsmiðstöðvum safnast þessi hópur barna saman sem þarf helst að sinna og ætti að vera jafnframt tengiliður við skóla, íþróttasamtök“

Hreppsnefnd samþykkir ofangreinda tillögu.

Önnur mál

28. Kjör oddvita og varaoddvita.

Lögð var fram tillaga um Ragnar Magnússon sem oddvita hreppsnefndar til eins árs. Tillagan var samþykkt með 3 atkvæðum, 2 sátu hjá. Einnig var lögð fram tillaga um Halldóru Hjörleifsdóttur sem varaoddvita til eins árs. Tillagan var samþykkt með 3 atkvæðum, 2 sátu hjá.

29. Beiðni um undanþágu vegna fjölda starfsmanna á vakt við sundlaug.

Hreppsnefnd samþykkir að leita eftir því við Umhverfissráðuneytið að fá undanþágu frá 11. gr. reglugerðar nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund og baðstöðum um fjölda starfsmanna á vakt við sundlauginu á Flúðum. Hreppsnefnd telur nægilegt að hafa einn starfsmann á vakt þegar álag er lítið í sundlauginni þar sem nýtt eftirlitskerfi í sundlauginni verði til þess að fyllsta öryggis sundlaugargesta sé gætt þó aðeins einn starfsmaður sé á vakt. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að sækja um undanþáguna að fengnu áliti Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

30. Beiðni um umsögn um reglugerð um framkvæmdaleyfi

Lögð er fram beiðni frá Umhverfissráðuneytinu um umsögn við nýja reglugerð um framkvæmdaleyfi. Hreppsnefnd samþykkir vísa málinu til byggingar- og skiplagsnefndar að veita umsögn um reglugerðina.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- SASS: Fundargerð 443. stjórnarfundar frá 20. maí sl. Fundargerð lögð fram.
- Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 203. stjórnarfundar frá 10. maí s.l. Fundargerð lögð fram.
- Sorpstöð Suðurlands: Upplýsinga og samráðsfundur frá 10. maí s.l. Fundargerð lögð fram.
- Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 133. stjórnarfundar frá 29. apríl s.l. Fundargerð lögð fram.

Kynningarmál:

- Uxahryggir: Hlutafjárukning. Lagt fram til kynningar.
- Mennta og menningarmálaráðuneytið. Samkomulag um eflingu tónlistarnáms. Lagt fram til kynningar.
- Vegagerðin: Svar við ósk um reiðveg meðfram Tungufellsvegi. Lagt fram til kynningar.
- Fjölbrautarskóli Suðurlands: Próf í einstökum áföngum við FSU. Lagt fram til kynningar.
- Umhverfisstofnun: Eftirlit með leiksvæðum. Lagt fram til kynningar.
- Innanríkisráðuneytið: Tilkygning um endanlegt framlag. Lagt fram til kynningar.
- Varasjóður húsnæðismála: Úthlutun framlaga vegna sölu félagslegs íbúðahúsanæðis. Lagt fram til kynningar.

- l. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 787. stjórnarfundar frá 27. maí sl. Lagt fram til kynningar.
- m. Markaðsstofa Suðurlands: Framvinduskýrsla. Lagt fram til kynningar.
- n. Samband íslenskra sveitarfélaga: Öryggi á sundstöðum. Lagt fram til kynningar.
- o. Umhverfisráðuneytið: Ný byggingarreglugerð. Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- p. Ungmennafélag Íslands: Ráðstefnan „Ungt fólk og lýðræði“ Lagt fram til kynningar.

Skýrsla á skrifstofu:

- q. Íþróttta og Ólympíusamband Íslands: Ársskýrsla 2010 og tölfræði 2009. Lagt fram til kynningar.
- r. Háskóli Íslands: Samfella í námi milli grunn- og framhaldsskóla. Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl.18:45.